

# Uppeldi til ábyrgðar

Veturinn 2020-2021

## Menntastefna Reykjavíkurborgar

Að allir nemendur öðlist færni í að **starfa saman, setja sig í spor annarra** og sýna öðrum **góðvild** og **virðingu**. Nemendur öðlist trú á eigin getu og læri að þekkja **styrkleika** sína og vinna með þá.

## Uppeldi til ábyrgðar

Að allir nemendur taki þátt í að vinna með **jákvæð gildi** og gera **bekkjarsáttmála**, læri að þekkja **hlutverkin sín** og okkar hér í skólanum og læri að þekkja og vinna með **þarfir sínar** og **sína styrkleika**. Nemendur setja sér **markmið** og vinni að þeim, læri að þekkja og stjórna **tilfinningum** sínum og læri viðeigandi **sáttalausnir**.

## Vinsamleg samskipti

Að koma á **góðum bekkjaranda** þar sem **virðing, traust** og **samkennd** eru ráðandi þættir í samskiptum. Góður bekkjarandi hefur áhrif á árganginn í heild og árgangarnir hafa áhrif á sjálfan skólabraginn.

## Kennsluáætlun

<b>Dags.</b> 24.08-28.08	<b>Inntak</b> Vertu velkomin aftur í skólann	<b>Orð vikunnar</b> 1. Fjölbreytileiki	<b>Verkefni</b> Að kynna sig og eigin sérkenni. Hvað er sérstakt við mig?
<b>Tímabil:</b> 1 vika			
<b>Gullkorn</b>		<b>Afurð</b> Umræður um sérkenni okkar þar sem við fögnum fjölbreytileikanum	

<b>Dags.</b> 31.08-11.09	<b>Inntak</b> Mitt / þitt hlutverk <ul style="list-style-type: none"><li>Nemendur</li><li>Kennarar</li><li>Starfsfólk</li></ul>	<b>Orð vikunnar</b> 1. Hlutverk 2. Mismunandi	<b>Verkefni</b> Mismunandi hlutverk eftir stað <ul style="list-style-type: none"><li>Heima</li><li>Á ganginum</li><li>Í íþróttahúsinu</li><li>List- og verkgreinar</li></ul>
<b>Tímabil:</b> 2 vikur			
<b>Gullkorn</b>		<b>Afurð</b> Verkefni um hlutverkin sýnileg á hverju svæði fyrir sig. Hver nemandi gerir persónukort fyrir hlutverk sín á mismunandi stöðum.	

<b>Dags.</b> 14.09-25.09	<b>Inntak</b> Bekkjarsáttmáli / bekkjargildi	<b>Orð vikunnar</b> 1. Sáttmáli 2. Gildi	<b>Verkefni</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hugstormun um hvernig bekk/skóla viljum við eiga og tekin ákvörðun um sameiginleg gildi</li> <li>Nemendur raða gildum eftir persónulegu mikilvægi</li> <li>Myndskreyta merkingu</li> </ul>
<b>Tímabil:</b> 2 vikur			
<b>Gullkorn</b> 1. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig. 2. Orð hafa áhrif, þau geta byggt upp eða brotið niður.		<b>Afurð</b> Sáttmáli hengdur upp í hverja stofu sem er undirritaður af hverjum nemanda.	

<b>Dags.</b> 28.09-09.10	<b>Inntak</b> Bekkjareglur Skólareglur	<b>Orð vikunnar</b> 1. Reglur (lög) 2. Tilmæli	<b>Verkefni</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Umræður um mun á reglum og lögum. Í hvaða tilfellum er nauðsynlegt að hafa lög og reglur.</li> <li>Hvaða reglum reynist mér auðvelt/erfitt að fylgja?</li> <li>Hvaða reglur/tilmæli viljum við hafa til þess að tryggja það að við uppfylfum sáttmálann okkar?</li> </ul>
<b>Tímabil:</b> 2 vikur			
<b>Gullkorn</b> 3. Með lögum skal land byggja. 4. Sannleikurinn er sagna bestur.		<b>Afurð</b> Nemendur útbúa leiðbeinandi bekkjarreglur sem styðja bekkjarsáttmálann.	

<b>Dags.</b> 12.10-30.10	<b>Inntak</b> Gildi Húsaskóla	<b>Orð vikunnar</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Virðing</li> <li>Samvinna</li> <li>Jákvæðni</li> </ul>	<b>Verkefni</b> Y-spjöld: <ul style="list-style-type: none"> <li>Hvernig sjáum við...?</li> <li>Hvernig heyrum við...?</li> <li>Hvernig finnum við...?</li> </ul> T-spjöld: <ul style="list-style-type: none"> <li>Er og er ekki</li> </ul>
<b>Tímabil:</b> 3 vikur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Virðing</li> <li>Samvinna</li> <li>Jákvæðni</li> </ul>		
<b>Gullkorn</b> 5. Forvitnin eykur gildi lífsins. 6. Dæmdu ekki daginn af því sem þú hefur uppskorið, heldur af fræjunum sem þú hefur sáð. 7. Maður uppsker eins og maður sáir.		<b>Afurð</b> Gildi skólans og merking þeirra sýnileg innan veggja skólans eftir ítarlega skoðun á hverju gildi fyrir sig. Mikilvægt er fara vel yfir hvað gildin standa fyrir og hvað ekki ásamt því að fara yfir birtingarmynd hvers gildis í skólasamfélagi.	

<b>Dags.</b> 03.11-13.11	<b>Inntak</b> Vinátta og tengsl	<b>Orð vikunnar</b>	<b>Verkefni</b>
<b>Tímabil:</b> 2 vikur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Birtingarmynd vináttu</li> <li>• Tengslakannanir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinur</li> <li>• Tengsl</li> </ul>	T-spjöld og/eða Y-spjöld: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvernig er/er ekki góður vinur?</li> <li>• Hvernig segir/segir ekki góður vinur</li> <li>• Hvað gerir/gerir ekki góður vinur?</li> </ul>
<b>Gullkorn</b> 8. Góður vinur, gulli betri. 9. Eina leiðin til þess að eignast góðan vin er að vera góður vinur.		<b>Afurð</b> Nemendur vinna vinasáttmála sem er sýnilegur innan veggja skólans. Hvernig vinur ætla ég að vera? Finna jákvæð orð/orð sem gleðja og hengja upp í kennslustofunni og á göngum skólans	

<b>Dags.</b> 16.11-18.12	<b>Inntak</b> Þarfirnar	<b>Orð vikunnar</b>	<b>Verkefni</b>
<b>Tímabil:</b> 5 vikur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Grunnþarfir: hver og ein tekin fyrir sérstaklega</li> <li>• Að þekkja eigin þarfir og þarfir annarra</li> </ul> Mínar eigin þarfir <ul style="list-style-type: none"> <li>• Öll hegðun hefur tilgang!</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öryggi</li> <li>• Umhyggja</li> <li>• Áhrif</li> <li>• Frelsi</li> <li>• Gleði</li> </ul>	Þarfahringurinn <ul style="list-style-type: none"> <li>• T-spjöld fyrir hverja þörf</li> <li>• Y-spjöld fyrir hverja þörf</li> </ul> Þarfagreining <ul style="list-style-type: none"> <li>• Eftir að þarfirnar hafa verið útskýrðar fyrir nemendum, gera þeir sína eigin þarfagreiningu</li> </ul> Áhrif <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna með það hvernig þeir hafa áhrif á líðan annarra og þarfir þeirra.</li> </ul>
<b>Gullkorn</b> 10. Þú ert einstök manneskja og ólík öllum öðrum. 11. Samkennd er að skilja hvernig öðrum líður. 12. Þú býrð yfir hæfileikum og færni, mundu að nýta það sem best. 13. Frelsi er ekki háð staðsetningu. Það er ástand sem vert er að halda í. 14. Gleði og ánægja er jafn nauðsynlegt og matur og drykkur.		<b>Afurð</b> Verkefni um þarfirnar verða sýnileg í stofunni... Hvernig uppfylli ég þörf mína og annarra fyrir gleði, áhrif, frelsi o.s.frv?	